

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 21 í stjórn Herjólfur ohf., haldinn föstudaginn 31. maí 2019 kl. 15:00 í fundarsal Hótel Vestmannaeyja.

Mættir eru: Lúðvík Bergvinsson stjórnarformaður (LB), Grímur Gíslason (GG), Arndís Bára Ingimarsdóttir (ABI), Birna Þórsdóttir (BP) og Guðbjartur Ellert Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins (GEJ).

Páll Guðmundsson (PG) hefur boðað forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir komu fram um boðunina.

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningur félagsins 2018

GEJ leggur fram ársreikning félagsins fyrir tekjuárið 2018 og kynnir fyrir stjórn félagsins.

Afgreiðsla: Ársreikningur samþykktur.

2. Starfskjarastefna félagsins

LB leggur fram drög að starfskjarastefnu félagsins og kynnir fyrir stjórn. GEJ falin frekari vinna við starfskjarastefnuna í samráði við starfsmenn, stjórn og eiganda félagsins. Áætlað að starfskjarastefna félagsins taki gildi þann 1.1.2020.

Afgreiðsla: Drög að starfskjarastefnu samþykkt.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:40

Fundargerð ritaði ABI, ritari stjórnar.